

## Fundargerð 475

Föstudaginn 30. ágúst 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi PWC í síma (við dagskrárlið 2), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1-6), Pétur Bjarnason (PB) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður (SBS) þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Karl Björnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl 10:06 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Árshlutareikningur janúar - júní 2019 - til afgreiðslu
3. Reglur um aðgerðir gegn peningabætti - til afgreiðslu
4. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu
5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar
6. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar
7. Aflamark Byggðastofnunar - til kynningar
  - a. Úrskurður sjávarútvegsráðherra um úthlutun aflamarks í Grímsey og framhald máls
  - b. Umsóknir um aflamark v. Flateyrar
  - c. Aukning á aflamarki Byggðastofnunar á Bakkafirði
8. AVS aukið virði sjávarfangs - til kynningar
9. Þjónustukort, staða verkefnis - til kynningar
10. Mat á störfum stjórnar og forstjóra - til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja fundargerðir síðustu tveggja funda nr. 473 og 474. Formaður bar upp fundargerðirnar, engar athugasemdir komu fram og voru þær samþykktar samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Árshlutauppgjör 30. júní 2019 - til afgreiðslu

Arna G. Tryggvadóttur löggiltur endurskoðandi Byggðastofnunar sat fundinn í gegnum síma við þennan fundarlið. Fyrir fundinum liggur árshlutauppgjör Byggðastofnunar vegna tímabilsins janúar - júní 2019 auk sundurliðana úr rekstri og fundargerða endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar nr. 49 og 50. Hagnaður tímabilsins nam 24,7 m.kr., eignir námu 17.052 m.kr., skuldir voru 13.907 m.kr. og eigið fé 3.145 m.kr. Eiginfjárhlutfall nam 20,07% í lok tímabilsins.

AP hafði inngang og bað svo Örnunni endurskoðanda að fara yfir reikninginn. Sigríður Jóhannesdóttir sagði frá fundum endurskoðunarnefndar með lykilstarfsmönnum og endurskoðendum.

Formaður bar upp árschlutauppgjörið og var það samþykkt samhljóða.

Arna vék af fundi.

### 3. Reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs vegna laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, stefna Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættumats Byggðastofnunar sem HÁ kynnti.

Til að uppfylla skyldur samkvæmt lögnum hefur Byggðastofnun framkvæmt áhættumat á rekstri sínum, útbúið stefnu vegna málaflokksins og samið reglur. Samkvæmt áhættumati fyrir Byggðastofnun er lítil áhætta á að rekstur stofnunarinnar sé misnotaður til peningabættis. Stefna Byggðastofnunar og reglur eru í samræmi við áhættumatið. Lagt til að stjórn staðfesti tilnefningu Hjalta Árnasonar forstöðumanns lögfræðisviðs sem ábyrgðarmanns samkvæmt 1. mgr. 34, gr. laga nr. 140/2018 um peningabætti, staðfesti áhættumat, stefnu og reglur um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og samþykki breytingu á verklagsreglum stofnunarinnar gr. 3.2 þannig að hún verði svohljóðandi

„3.2 Einfölduð áreiðanleikakönnun

*Áður en samningssambandi er komið á við viðskiptamann, eða áður en viðskipti eiga sér stað skal Byggðastofnun framkvæma einfaldaða áreiðanleikakönnun í samræmi við áhættumat stofnunarinnar, reglur um peningabætti og lög nr. 140/2018“*

Formaður bar upp ofangreinda breytingu á verklagsreglum, staðfestingu á Hjalta Árnasyni sem ábyrgðarmanni, stefnu Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og áhættumat Byggðastofnunar og voru tillögurnar allar samþykktar samhljóða.

### 4. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu

AME kynnti greiningar lánasérfræðinga á þeim lánamálum sem liggja fyrir stjórn til afgreiðslu.

...

...

...

AME fór yfir fundargerðir lánanefndar nr. 21/19-27/19

Til máls tóku GP, SJ, MaH og MBJ.

**5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun og staða rekstrar 31. júlí sl. sem AÞ kynnti.

**6. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs 2019 sem HP fór yfir og kynnti. Allir áhættuþættir eru innan marka sem stjórn hefur sett fyrir utan LPA mælikvarða.

Til máls tóku GP, MBJ og AÞ.

HP vék af fundi.

**7. Aflamark Byggðastofnunar - til kynningar og afgreiðslu***a. Úrskurður sjávarútvegsráðherra um úthlutun aflamarks í Grímsey og framhald máls*

Fyrir fundinum liggur úrskurður Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á stjórnarsýslukæru Hafborgar ehf. þar sem sem felldi er úr gildi ákvörðun Byggðastofnunar um að hafna Hafborg ehf. um úthlutun aflamarks og lagt fyrir stjórn stofnunarinnar að taka umsókn kæranda aftur til löglegrar meðferðar. Einnig liggur fyrir fundinum minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um framhald málsins en aflamarknefnd stofnunarinnar mun taka umsókn Hafborgar fyrir að nýju og gera tillögu til stjórnar Byggðastofnunar.

*b. Umsóknir um aflamark vegna Flateyrar*

AÞ upplýsti að umsóknarfrestur vegna aflamarks Byggðastofnunar á Flateyri myndi renna út á hádegi 30. ágúst. Komnar væru 6 umsóknir sem aflamarksnefnd mun fjalla um og gera tillögu til stjórnar.

*c. Aukning á Aflamarki Byggðastofnunar á Bakkafirði*

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og Sigurðar Árnasonar sérfræðings á þróunarsviði þar sem lagt er til við stjórn að hún veiti forstjóra heimild til að auglýsa allt að 150 þorskígildistonn af Aflamarki Byggðastofnunar vegna Bakkafjarðar í Langanesbyggð til næstu fimm fiskveiðiára, frá og með fiskveiðiárinu 2019/2020 að telja.

Til máls tók SJ

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður gerði matarhlé og frestaði fundi kl. 12:00. Var fundur aftur settur kl. 12:40

**8. AVS aukið virði sjávarfangs - til kynningar**

PB kom á fundinn og kynnti sögu og starfsemi AVS sjóðsins sem vistaður er hjá Byggðastofnun.

Til máls tóku, GP, MBJ og AÞ.

PB vék af fundi.

**9. Þjónustukort, staða verkefni - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur minnisblað Önnu Lilju Pétursdóttur sérfræðings á þróunarsviði um stöðu Þjónustukorts verkefnisins en þriðja áfanga verkefnisins skal skila 1. október nk.. SBS kynnti minnisblaðið.

Til máls tók GP.

**10. Mat á störfum stjórnar og forstjóra - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um mat á störfum stjórnar og forstjóra auk verkefnislýsingar um verkefnið frá Helgu Hlín Hákonardóttur hdl. í fyrirtækinu Strategía. AP upplýsti að hann hefði í samráði við formann leitað til Helgu um verkefnið. Formaður sagði frá sinni reynslu af sambærilegu námskeiði.

**11. Önnur mál**

Formaður og forstjóri upplýstu að Gunnar Þór Sigbjörnsson hefði sagt sig frá setu í stjórn Byggðastofnunar um morguninn auk þess sem Magnús Þór Hafsteinsson og Oddný María Gunnarsdóttir hefðu sagt sig frá setu sem varamenn í stjórn Byggðastofnunar.

Formaður sagðist hafa áhuga á að koma á námskeiði fyrir stjórn vegna aukinnar krafna sem gerðar eru til stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.

Til máls tóku GP, MaH, SJ, AP, MBJ.

Stjórnarmenn og starfsfólk Byggðastofnunar vilja koma á framfæri bestu þökkum til Gunnars Þórs fyrir ánægjulegt samstarf.

**12. Næsti fundir**

Næsti fundur verður haldinn 20. september nk. í Reykjavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:37

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---